

Héraðsdómur Suðurlands

Dómur 21. september 2022

Mál nr. S-20/2022:

Lögreglustjórinn á Suðurlandi

(Ólafur Hallgrímsson fulltrúi)

gegn

X

(Ólafur Örn Svansson lögmaður)

Dómur

Mál þetta er höfðað með ákæru Lögreglustjórans á Suðurlandi 10. janúar 2022 á hendur Y, Z og X

„I. gegn ákærða Y fyrir fíkniefnalagabrot

með því að hafa, þriðjudaginn 21. janúar 2020, í farangursrými sendibifreiðarinnar [...], haft í vörslum sínum samtals 71 kannabisplöntu í ræktun [30-66 cm á hæð] er samtals vógu 4.169,2 g og voru ætlaðar til sölu og dreifingar, sem lögregla fann við leit í bifreiðinni í kjölfar afskipta af ákærða sem ökumanni bifreiðarinnar á [...] umrætt sinni.

II. gegn ákærða Z fyrir fíkniefnalagabrot

með því að hafa, þriðjudaginn 21. janúar 2020, í húsnæði gistiheimilis að [...], haft í vörslum sínum í sölu- og dreifingarskyni samtals 99 kannabisplöntur í ræktun [30-66 cm á hæð] er samtals vógu 6.298,1 g, og fyrir að hafa um nokkurt skeið fram til þess dags ræktað þar framangreindar kannabisplöntur, sem fundust við leit lögreglu annars vegar í húsnæðinu sjálfu umrætt sinn og hins vegar í farangursrými sendibifreiðarinnar [...], örskömmu eftir að hafa verið ferjaðar úr húsnæðinu og í sendibifreiðina til fyrirhugaðs flutnings þeirra, er nánar greinir í ákærulið I. að framan.

III. gegn ákærða X fyrir fíkniefnalagabrot

með því að hafa, þriðjudaginn 21. janúar 2020, staðið að flutningi samtals 71 kannabisplantna í ræktun [30-66 cm á hæð], með því að hafa samband við meðákærða Y

og semja við hann um akstur sendibifreiðar sem flytja átti kannabíspönturnar og ennfremur ásamt meðákærða Z ferjað kannabíspönturnar úr húsnæðinu og í sendibifreiðina til fyrirhugaðs flutnings þeirra, er nánar greinir í ákæruliðum I. og II. að framan.

Teljast brot allra ákærðu varða við 2. gr., sbr. 4., 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974 með síðari breytingum og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001 með síðari breytingum.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er ennfremur krafist upptöku á framangreindum fíkniefnum (efnaskrár nr. xxxxx og xxxxx), og búnaði til ólögmatrar ræktunar og meðferðar fíkniefna sbr. munaskrár lögreglu nr. xxxxxx og xxxxxx samkvæmt 6. og 7. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001.“

Málið var þingfest 10. febrúar 2022.

Þættir ákærðu Y og Z hafa verið klofnir úr málinu og dæmdir sér í málum nr. S-xxx og xxx/2022. Verður hér aðeins fjallað um og tekin afstaða til sakargifta á hendur ákærða X.

Ákærði neitar sök.

Aðalmeðferð fór fram 6. september 2022 og var málið dómtekið að henni lokinni.

Af hálfu ákærvalds eru gerðar sömu dómkröfur og að ofan greinir.

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum ákærvalds. Til vara krefst ákærði þess að ákvörðun refsingar verði frestað skilorðsbundið, en til þrautavara að honum verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa og að hún verði að öllu leyti skilorðsbundin. Þá er þess krafist að allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða.

Málavextir

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu 21. janúar 2020 barst lögreglu á Selfossi tilkynning frá miðlægri rannsóknardeild lögreglunnar á Höfuðborgarsvæðinu um að verið væri að bera út kannabíspöntur frá [...]. Fylgdi tilkynningunni að bílarnir [...] og [...] væru þar fyrir utan. Annar bíllinn væri hvítur sendibíll og hinn minni grár fólksbíll.

Fóru áhafnir tveggja lögreglubíla af stað og mættu bílunum á [...]. Áhöfn lögreglubíls 225 stöðvaði för hvíta sendibílsins [...]. Bíllinn var með skyggðum rúðum í farangursrými og lagði mikla kannabislykt frá honum. Ákærði Y reyndist vera ökumaður bílsins og vildi hann ekki veita lögreglu heimild til leitar í bílnum, en kvaðst ekki vita hvað væri í farangursrýminu. Var bíllinn og ákærði Y flutt á lögreglustöðina á Selfossi, þar sem hann heimilaði leit í bílnum og fundust í henni 71 kannabisplanta.

Í frumskýrslu er haft eftir ákærða Y að hann hafi verið fenginn til að aka bílnum, en hann hafi ekki vitað hvað var í honum. Honum hafi verið falið að aka bílnum að Húsasmíðjunni á Selfossi. Er haft eftir honum í frumskýrslunni að hann hafi hitt 3 menn, nánar tiltekið ákærða X, Q sem væri eigandi sendibílsins og svo einhvern B sem ákærði Y kvaðst ekki vita frekari deili á. Hann hafi hitt þá [...] og tekið við bílnum þar. Þeir hefðu svo ekið á undan honum á bílnum [...] sem væri í eigu [...] Y.

Þá segir í frumskýrslunni að [...] hafi verið ekið á undan hvíta sendibílnum og hafi ökumaður hans sýnilega aukið hraðann þegar hann hafi orðið lögreglu var. Áhöfn lögreglubílsins 243 fór á eftir [...], en náði honum ekki og tapaði sjónum á honum og fannst hann ekki þrátt fyrir mikla leit.

Þá var áhöfn lögreglubíls 243 send að [...] og segir í frumskýrslu að mikla kannabiskykt hafi lagt frá húsnaðinu. Fór lögregla þar inn en enginn reyndist vera þar inni. Fékk lögregla heimild til leitar þar og fundust þar 28 kannabisplöntur í ræktun ásamt tilheyrandi útbúnaði.

Ákærði Y gaf skýrslu hjá lögreglu daginn eftir handtöku, þ.e. 22. janúar 2020. Þar skýrði hann frá því að daginn áður hafi ákærði X hringt í hann með samskiptaforritinu Messenger og beðið hann um að gera sér greiða. Hafi þeir mælt sér mót við „litlu sjoppuna“, sem lögregla telur vera [...]. Hafi hann ekið þangað bílnum [...] sem sé í eigu [...] Y, C. Við verslunina hafi verið hvítur sendibíll, [...] og hafi ákærði X verið farþegi í henni, en auk ákærða X hafi verið í hvíta sendibílnum 2 menn, Q og D, en ákærði kvaðst ekki þekkja frekari deili á þeim. Kemur fram í samantekt lögreglu um skýrsluna að skráður eigandi hvíta sendibílsins sé Q. Þá hafi ákærði X gefið ákærða Y fyrirmæli um að fylgja sendibílnum eftir og hafi verið ekið [...]. Þar hafi ákærði X, Q og D aðhafst eitthvað við sendibílinn sem ákærði Y gat ekki lýst frekar. Þá hafi þeir komið að ákærða Y þar sem hann hafi setið í [...] og ákærði X sagt honum að Q myndi aka [...], en að ákærði Y skyldi aka sendibílnum. Mennirnir 3 hafi þá sest inn í [...] og hafi þeir borið fyrir sig að vera án ökuréttinda. Þá hafi ákærði Y fengið fyrirmæli um að aka sendibílnum

að Húsasmiðjunni á Selfossi, en [...] hafi verið ekið á undan. Er haft eftir ákærða Y að hann hafi ekki vitað hvað var í farangursrými sendibílsins, en fundið kannabislykt þaðan. Þá er haft eftir ákærða Y í frumskýrslunni að ákærði X hafi lofað honum greiðslu fyrir verkefnið.

Ákærði Z gaf skýrslu hjá lögreglu 21. janúar 2020. Hann kannaðist við aðild að málinu og lýsti því að hafa beðið ákærða X að aðstoða sig við að „tæma þetta“, en ákærða X hafi síðan ekki litist á þetta og farið. Ákærði hafi fengið að hringja hjá ákærða X í ákærða Y, sem hafi svo komið og hjálpað honum.

Lögregla tók skýrslu af Q, umráðamanni hvíta sendibílsins. Aðspurður um tengsl hans við ákærða X kvaðst hann ekki vita hver hann væri.

Þá var tekin skýrsla af A sem sá um að leigja húsnæðið [...] þar sem fíkniefnaræktunin fór fram, en aðspurður kvaðst hann ekki þekkja til ákærða X.

Lögregla tók skýrslu af ákærða X þann 10. júní 2020. Hann kannaðist við málið og lýsti því að vinur hans, ákærði Z, hafi beðið sig um að hjálpa sér með „eitt“. Kvaðst ákærði hafa ætlað að hjálpa vini sínum, en á leiðinni í verkefnið hafi hann viljað hætta við. Lýsti ákærði því að ákærði Z hafi skilið símann sinn eftir í Reykjavík og hafi því fengið að hringja úr síma ákærða í annan strák sem ætlaði að koma. Ákærði X hafi svo farið áður en komið var á áfangastað. Lýsti ákærði því að þeir hafi verið að fara á [...]. Til að byrja með hafi ákærði X átt að hjálpa vini sínum, þ.e. ákærða Z, með eitthvað stúss. Síðan hafi ákærði Z sagt að það væri ræktun þarna og þá hafi ákærði X ekki kært sig um það þar sem hann væri á reynslulausn. Lýsti ákærði því að hafa hringt í vin sinn og hafi H og P komið og sótt hann. Ákærði kannaðist ekki við að hafa komið [...] eða hafa verið í hvíta sendibílnum og ekki heldur gráa fólksbílnum. Þá kannaðist hann hvorki við að hafa beðið ákærða Y að aka hvíta sendibílnum né að hafa ferjað kannabisplönturnar úr húsnæðinu yfir í hvíta sendibílinn. Þá kom fram hjá honum að það hafi verið ákærði Z sem hafi fengið ákærða Y til að gera sér greiðann sem ákærði X hafi upphaflega átt að gera, vegna þess að ákærði X hafi ekki kært sig um þátttöku í þessu, verandi á reynslulausn.

Við rannsókn málsins var m.a. lagt hald á plastflösku og gosdós sem leitað var fingrafara á. Fannst eitt nothæft fingurfar á gosdósinni, en rannsókn leiddi ekki til neins varðandi ákærða X.

Samkvæmt efnaskrá lögreglu nr. xxxxx voru 71 kannabisplanta í sendibílnum, allar á bilinu 30-66 sentimetrar á hæð, alls 4.169,2 grömm. Samkvæmt matsgerð

Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eitufnafræði, dags. 24. febrúar 2020, var tetrahydρόkannabínól í öllum 7 sýnum sem send voru til rannsóknar af þeim kannabisplöntum sem fundust í hvíta sendibílnum. Var magn tetrahydρόkannabínóls í sýnunum á bilinu 8,6 mg/g – 16 mg/g eftir þurrkun.

Ekki eru efni til að gera frekari grein fyrir rannsókn málsins og atvikum þess.

Framburður við aðalmeðferð

Ákærði kom fyrir dóm við aðalmeðferð málsins og lýsti því að hann vildi vísa til framburðar síns hjá lögreglu og halda sig við hann. Kvaðst ekki hafa hugmynd um hvers vegna aðrir vildu bendla hann við þetta mál umfram það sem hann hefði áður skýrt frá.

Vitnið Y, meðákærði í málinu, kom fyrir dóminn í fjarfundarbúnaði og lýsti því að Z hafi heyrt í vitninu og vitnið hafi átt að gera greiða. Svo hafi vitnið komið upp eftir og hafi hann svo átt að keyra einhvern bíl til baka. Kvaðst hvorki muna um hvert leyti dags Z hafi hringt hann né hvar hann hafi verið staddur. Vitnið hafi hitt Z einhvers staðar mjög langt frá Selfossi, [...]. Kvaðst muna eftir að bíllinn hafi verið hvítur sendibíll. Vitnið hafi sjálfur verið á bíl [...]. Vitnið hafi verið einn í bílnum. Aðspurður hverjir hafi verið á hvíta sendibílnum þegar vitnið kom kvaðst vitnið aðeins muna eftir að hafa séð Z. Aðspurður um þann framburð sinn hjá lögreglu að í sendibílnum hafi líka verið X, Q og D kvað vitnið að hann hafi verið mjög hræddur og ekki vitað hvað væri í gangi og ekki skilið neitt. Hann hafi verið hræddur við lögreglumanninn sem hafi tekið skýrsluna og bara viljað fara heim. Framburður vitnisins hjá lögreglu sé ekki réttur. Kvaðst muna að þegar hann hafi verið í lögreglubílnum þá hafi komið upp eitthvert nafn og vitnið hafi bara sagt að það væri þetta og notað það nafn í skýrslunni. Kvaðst ekki vita hvaðan nafnið D hafi komið. Aðspurður kvað vitnið að í minningunni hafi Z verið einn í sendibílnum. Aðspurður hvers vegna hann segi nú að Z hafi hringt í hann þegar hann hafi sagt hjá lögreglu að ákærði hafi hringt, kvað vitnið að sér beri skylda til að segja satt fyrir dómi. Hann kvaðst þannig hafa sagt ósatt hjá lögreglu að þessu leyti. Kvaðst minna að það hafi verið hringt í hann úr síma ákærða. Kvaðst vitnið hafa verið hræddur við Z og ekki þorað að nefna hann í þessu sambandi. Kvaðst ekki þekkja ákærða og ekki vita neitt hver hann er. Kvaðst ekki muna til þess að ákærði hafi tengst þessu máli á einhvern hátt. Kvaðst ekki muna hvað hafi svo gerst. Hann hafi bara verið að keyra þennan hvíta sendibíl til baka. Kvaðst ekki vita hvort þá hafi verið búið að setja kannabisplönturnar í bílinn og hann hafi ekki séð plönturnar fyrr en á lögreglustöðinni. Hann hafi ekki vitað að þær

væru í bílnum og hann hafi bara verið að gera greiða með því að keyra þennan bíl. Greiðann hafi hann gert Z. Aðspurður kvað vitnið að Z hafi keyrt bíl [...]. Kvaðst ekki muna hvernig bíllinn hafi komist til skila. Hann hafi ekki spurt um það og liðið mjög illa á þessu tímabili. Vitnið hafi bara útilokað þetta og reynt að gleyma þessu. Aðspurður kvaðst vitnið ekki vita hvers vegna hafi verið hringt í hann til að keyra hvíta sendibílinn. Kvaðst ekki vita hvort einhver annar hafi áður haft það hlutverk en hætt við. Kvað aðspurður að það væri rangt að ákærði hafi gefið sér fyrirmæli um akstur sendibílsins. Kvaðst ekki muna hvert hann hafi átt að keyra sendibílinn. Hann hafi keyrt [...] til baka. Aðspurður um þann framburð sinn hjá lögreglu að vitninu hafi verið lofað greiðslu fyrir aksturinn kvaðst vitnið aldrei hafa fengið greitt fyrir þetta og hann myndi ekki til þess að slíku hafi verið lofað.

Aðspurður kannaðist vitnið við að þegar hann kom fyrir dóm sem ákærður í málinu þá hafi hann gefið yfirlýsingu, sem ekki hafi verið bókuð í þingbók, um að ákærði hafi ekki komið nálægt þessu máli.

Vitnið Z, meðákærði í málinu, gaf skýrslu gegnum fjarfundarbúnað við aðalmeðferð. Vitnið kvaðst hafa, ásamt öðrum, beðið ákærða að kíkja með sér á einn stað. Þeir hafi verið rétt ókomnir þangað og ákærði hafi vitað „svona semi“ um hvað þetta snerist og þá hafi ákærði sagt að hann vildi ekki hafa neitt með þetta að gera. Hafi ákærði fengið að hringja úr síma hjá félaganum sínum til að komast burt úr þessu af því að hann hafi ekki viljað taka þátt í þessu. Það hafi verið skammt frá áfangastað sem ákærði hafi farið úr bílnum, en vitnið kvaðst ekki geta sagt nákvæmlega hvar, enda ekki staðkunnugur á Suðurlandi. Þeir hafi ekki verið komnir á áfangastað. Vitnið kvaðst hafa farið austur akandi á sendibílnum. Vitnið kvaðst minna að hann hafi ekki verið einn í bílnum. Með honum hafi verið ákærði sem hafi ætlað að koma og hjálpa honum „með eitt“. Svo þegar ákærði hafi fattað hvað væri í gangi þá hafi hann ekki viljað koma nálægt þessu. Í upphafi hafi vitnið ekki verið búinn að segja ákærða hvað væri í gangi og hvað stæði til. Vitnið kvað hann og ákærða vera gamla vini. Ákærði hafi svo farið úr bílnum áður en komið var á áfangastað. Vitnið minnti að beðið hafi verið eftir að ákærði yrði sóttur, en vitnið kvaðst ekki muna nákvæmlega hver hafi sótt ákærða. Vitnið kvaðst ekki muna þetta vel, utan þess að hafa beðið ákærða að hjálpa sér „með eitt“ og svo áður en komið var á áfangastað þá hafi ákærði sagt „nei ég stend ekki í svona rugli“ og hringt og látið sækja sig. Það hafi verið vitnið sem hafi haft frumkvæði að því að hringja í Y. Hafi vitnið hringt í Y úr síma ákærða.

Vitnið H gaf skýrslu gegnum fjarfundarbúnað við aðalmeðferð. Vitnið kvaðst þekkja ákærða og þeir séu vinir. Vitnið kvaðst þó ekki þekkja neitt til málsins. Kannaðist við að hafa einhvern tíma sótt ákærða út á land, en kvaðst ekki muna hvaða dag það hafi verið. Ákærði hafi einhvern tíma hringt í sig og beðið sig um að sækja sig. Vitnið hafi átt að sækja ákærða einhvers staðar skammt [...] eða þar í grennd. Þetta hafi verið á einhverjum afleggjara. Vitnið kvaðst hafa verið með P frænda sínum umrætt sinn. Þeir hafi verið á bíl P, en vitnið kvaðst ekki muna hvor þeirra hafi verið ökumaður. Þeir hafi verið saman þegar beiðni hafi komið um að sækja ákærða. Ákærði hafi verið einn síns liðs þegar þeir hafi komið að honum á afleggjaranum. Vitnið kvaðst ekki muna um hvert leyti dags þetta hafi verið. Þeir hafi svo ekið til Reykjavíkur. Ákærði hafi ekki sagt sérstaklega frá ferðum sínum þarna og vitnið ekki gengið eftir því. Aðspurður hvort þetta gæti hafa verið nálægt [...] kvað vitnið það mögulegt, en með þeim fyrirvara að hann þekkti þetta svæði ekki ýkja vel. Aðspurður kvaðst vitnið ekki hafa verið spurður af lögreglu um málið á rannsóknarstigi og ekki hafa rætt þetta neitt við ákærða eða aðra áður en hann gaf skýrslu við aðalmeðferð.

Vitnið P gaf skýrslu gegnum fjarfundarbúnað við aðalmeðferð. Vitnið kvaðst ekki þekkja neitt til málsins, en aðspurður kvaðst hann þekkja lítilla til ákærða í gegnum H frænda sinn. Aðspurður kvaðst vitnið muna til þess að hafa farið í ökuferð austur fyrir fjall og sótt ákærða. Hafi H hringt í sig og spurt hvort hann gæti gert sér greiða og sótt ákærða. Vitnið og H hafi ekki verið saman. Þeir hafi hins vegar báðir farið að sækja ákærða. Vitnið hafi sótt H einhvers staðar í Reykjavík, en kvaðst ekki muna vel hvar. Svo hafi þeir tekið ákærða upp við einhvern afleggjara [...]. Ákærði hafi verið þar einn síns liðs. Ekki kvaðst vitnið hafa neina vitneskju um ferðir ákærða þarna. Hafi það verið rætt þá muni vitnið það ekki. Vitnið kvaðst ekki hafa verið spurður um þetta mál af lögreglu og hafi ekki vitað neitt um málið fyrr en hann hafi fengið boðun til aðalmeðferðar. Vitnið minnti að ákærða hafi verið skutlað heim. Vitnið kvaðst ekki geta fullyrt um hvert leyti dags þetta hafi verið, en sennilega eftir hádegið og fyrir kvöldmat.

Vitnið C, [...] Y gaf skýrslu gegnum fjarfundarbúnað við aðalmeðferð. Vitnið kvaðst ekki vita um hvað málið snerist. Vitnið kvaðst aðspurð ekki þekkja ákærða og raunar ekki heldur meðákærða Z. Vitnið kannaðist við að Y hafi farið á bílnum [...], en kvaðst ekki hafa vitað af því þá. Hún hafi ekki heyrt í honum lengi og farið að athuga með hann og kvaðst hafa fundið hann með „find my iphone“ og hafi síminn þá reynst vera á Selfossi. Hún hafi því ekið frá Reykjavík til Selfoss á bíl Y og ekkert vitað fyrr en

hún hafi þurft að sækja Y á lögreglustöðina á Selfossi. Aðspurð kvaðst hún ekki hafa vitað hvar [...] bíll væri þá. Hún hafi ekkert vitað. Hún hafi svo fengið bílinn [...] aftur daginn eftir, þannig að hún hafi þurft að sækja hann einhvers staðar nálægt Hellu. Hún hafi notað aukalykla sem hafi verið hjá [...] hennar. Kvaðst aðspurð ekki vita hvers vegna bíllinn hafi verið í nágrenni [...] og ekki fengið skýringar á því hvernig hann hafi komist þangað, enda hafi hún ekki spurt að því. Hún hafi ekki endurheimt aðallyklana. Bíllinn hafi verið mannlaus þegar hún sótti hann. Það hafi verið Y sem fékk bílinn, en hún hafi ekki spurt neitt um þetta. Eftir að hafa sótt Y á lögreglustöðina á Selfossi hafi hún ekki kært sig um að vita meira og hann hafi ekki sagt neitt um þetta. Ekki hafi verið rætt neitt um hvers vegna Y hafi þurft bílinn og hvert hann hafi farið á honum. Y hafi heldur ekki nefnt neitt hverja hann hafi hitt og hún ekki spurt hann um þetta.

Lögreglumaður nr. xxxx gaf skýrslu gegnum síma við aðalmeðferð. Vitnið skýrði frá því að einhver atburðarás hafi byrjað [...] sem hafi leitt til þess að lögreglumenn hafi verið sendir að [...] og hafi þeim verið ætlað að tryggja vettvang. Þeir hafi farið inn í húsið til að tryggja vettvang og hafi þar fundist kannabisplöntur. Fyrir um kvöldið hafi fundist kannabisplöntur í bíl sem hafði verið stöðvaður. Aðspurður um skýrslu sína, þar sem vitnið lýsti því að þeir hafi mætt þessum bíl, kvað vitnið að þeir hafi mætt einhverjum [...] bíl sem hafi ekið á undan sendibílnum sem var stöðvaður. Þeir hafi reynt að fara á eftir [...] bílnum, en bíllinn hafi svo fundist mannlaus á undarlegum stað utan þéttbýlis, einhverjum klukkustundum síðar. Talsverð leit hafi verið gerð að bílnum. Vitnið kvaðst ekki hafa komið að neinu frekar varðandi þann bíl. Vitnið kvaðst muna að í [...] bílnum hafi sést ökumaður, farþegi í framsæti og farþegi í aftursæti. Ekki hafi þó verið borin kennsl á þá.

Lögreglumaður nr. xxxx gaf skýrslu gegnum síma við aðalmeðferð. Skýrði frá því að hafa verið sendur ásamt lögreglumanni nr. xxxx. Svo hafi komið tilkynning um 2 bíla, sendibíl og fólksbíl. Þeir hafi snúið við til að reyna að finna bílana, en þeir hafi ekki fundið bílana og hafi því haldið áfram að vettvangi. Vitnið kvaðst ekki hafa séð fólksbílinn og því ekki séð hver eða hverjir hafi verið í honum. Vitnið kvaðst ekki vita hvað hafi orðið um [...] bílinn og hafi hann ekki fundist.

Forsendur og niðurstöður

Ákærða í máli þessu eru gefin að sök ávana- og fíkniefnabrot eins og nánar greinir í ákæru. Ákærði neitar sök.

Ákærði kaus að tjá sig ekki við aðalmeðferð umfram það að vísa til framburðar síns hjá lögreglu. Við skýrslugjöf sína hjá lögreglu kannaðist ákærði við að hafa verið í bíl ásamt Z og að hafa fallist á að hjálpa honum með „eitt“. Þegar sér hafi orðið ljóst hvað til stóð, þ.e. að taka niður kannabísræktun og flytja hana, þá hafi hann ekki viljað taka þátt í því og gert ráðstafanir til að verða sóttur og hafi H og P komið á bíl og sótt hann. Er þetta rakið hér að ofan.

Við skýrslugjöf hjá lögreglu lýsti Y því að ákærði hefði verið með í sendibílnum og að ákærði hafi fengið sig til að aka sendibílnum, sem þá var fullur af kannabíspöntum. Er þetta rakið hér að framan. Frá þessum framburði sínum hvarf Y við aðalmeðferð og gaf á því nokkrar skýringar, sem þó má deila um hvort séu trúverðugar. Allt að einu staðfesti hann ekki framburð sinn hjá lögreglu þegar hann kom fyrir dóm og kvað hann rangan.

Z lýsti því, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi við aðalmeðferð, að ákærði hafi fallist á að koma með sér til að aðstoða sig, en að þegar ákærði hafi áttað sig á hvað um væri að tefla, þá hafi hann ekki viljað eiga neinn þátt í því og hætt við að aðstoða Z við það sem hann hafi verið að fara að gera. Framburður Z um þetta er í samræmi við framburð ákærða hjá lögreglu.

Q og A, sem báðir voru yfirheyrðir af lögreglu, en komu ekki fyrir dóm við aðalmeðferð, voru spurðir hvort þeir þekktu til ákærða og kannaðist hvorugur við hann.

Vitnin H og P voru ekki yfirheyrðir af lögreglu við rannsókn málsins. Þeir gáfu hins vegar báðir skýrslu við aðalmeðferð og skýrðu frá því að hafa sótt ákærða út í sveit, en það er í samræmi við framburð ákærða og Z um að ákærði hafi ekki tekið þátt í þessu og hafi yfirgefið leiðangurinn áður en komið var á áfangastað. Misræmi var þó í framburði þeirra að því leyti að H lýsti því að þeir frændur hafi verið saman þegar þeir H var beðinn að sækja ákærða, en P kvað H hafa hringt í sig og beðið sig að koma með sér að sækja ákærða. Þetta misræmi lýtur hins vegar ekki að neinu leiti að þeim brotum sem ákærða eru gefin að sök í ákæru.

Enginn þeirra sem gáfu skýrslu við aðalmeðferð lýsti því fyrir dómi að ákærði hafi átt þann þátt í atburðarásinni sem lýst er í ákæru, umfram það að hafa lagt á stað í leiðangurinn, en hann hafi svo hætt við þegar honum varð ljóst hvað stæði til. Þá liggja engin önnur gögn fyrir sem rennt geti stöðum undir þær sakargiftir sem fram eru bornar á hendur ákærða í málinu. Má hér sérstaklega nefna fingrafararannsókn sem leiddi ekki til neins gagnvart ákærða.

Þá liggur fyrir að þeir tveir lögreglumenn sem gáfu skýrslu við aðalmeðferð sáu ákærða hvorki á vettvangi né í öðrum hvorum bílnum sem nefndir hafa verið, þ.e. í hvíta sendibílnum eða í [...] gráa bílnum.

Loks má geta þess að vitnið C sem kom fyrir dóminn lýsti engu um ætlaðan þátt ákærða.

Gegn neitun ákærða liggur þannig ekkert handfast fyrir um það í málinu að hann hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í málinu.

Er því óhjákvæmilegt að sýkna ákærða af öllum kröfum ákæruvalds í málinu.

Fyrir liggur að með dómum þessa dómstóls í málum nr. S-xxx og S-xxx/2022 hefur verið fallist á kröfur ákæruvalds um upptöku á haldlögðum fíkniefnum og búnaði til ræktunar og ólögætrar meðferðar þeirra. Er því óþarft að kveða á um upptöku í þessum dómi.

Með því að ákærði er sýknaður af öllum kröfum ákæruvalds fellur sakarkostnaður á ríkissjóð, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðra verjenda hans, þ.e. Halldórs Þ. Birgissonar lögmanns og Ólafs Arnar Svanssonar lögmanns, en upphaflega var Halldór skipaður verjandi ákærða en hann var síðar leystur undan starfanum að ósk ákærða og Ólafur skipaður verjandi. Eru málsvarnarlaun Halldórs ákveðin kr. 404.550 að virðisaukaskatti meðtöldum og er aksturskostnaður hans kr. 36.000, en málsvarnarlaun Ólafs kr. 467.325 að virðisaukaskatti meðtöldum og aksturskostnaður hans nemur kr. 12.000.

Sigurður G. Gíslason dómstjóri kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, X, skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvalds í málinu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ólafs Arnar Svanssonar lögmanns, kr. 467.325 að meðtöldum virðisaukaskatti sem og aksturskostnaður verjandans, kr. 12.000, sem og málsvarnarlaun fyrri skipaðs verjanda ákærða, Halldórs Þ. Birgissonar lögmanns, kr. 404.550 að virðisaukaskatti meðtöldum, sem og aksturskostnaður hans, kr. 36.000.

Sigurður G. Gíslason